

Ár 2017, fimmtudaginn 22. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forsetaritara

I.

Kjararáð úrskurðaði í dag, 22. júní 2017, að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör forsetaritara.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 1. september 2016 frá forsetaritara þar sem hann óskar eftir endurskoðun launakjara. Er þess óskað að launakjör ráðuneytisstjóra verði höfð til viðmiðunar við þá endurskoðun. Í bréfinu segir að skrifstofa forseta Íslands sé sjálfstæð í stjórnskipun landsins og þannig sambærileg til dæmis stöðu Alþingis og Hæstaréttar, og heyri ekki undir neitt ráðuneyti þótt góð samvinna sé við utanríkisráðuneyti um samskipti við erlenda þjóðhöfðingja og forsætisráðuneyti um húsakost á Bessastöðum og fjármál embættisins. Jafnframt kemur fram að umsvif embættisins hafi vaxið jafnt og þétt á umliðnum árum, jafnt innanlands sem í samskiptum við erlend ríki og hafi verkefnum fjölgað verulega. Um stöðu og verkefni forsetaritara gildi í þeim efnum mörg þeirra raka um aukið álag og ábyrgð sem legið hafi til grundvallar endurmati á launum ráðuneytisstjóra. Þegar tekið sé mið af stöðu forseta Íslands og embættis hans í stjórnskipun Lýðveldisins, umsvifum embættisins og skýrri ábyrgð forsetaritara séu öll rök til þess að laun og starfskjör forsetaritara eigi að fylgja launum ráðuneytisstjóra í Stjórnarráði Íslands.

Með bréfum dagsettum 26. september 2016 var fjármála- og efnahagsráðuneyti og forseta Íslands gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forsetaritara, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytis dagsettu 2. nóvember 2016 segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starf forsetaritara hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um laun hans að öðru leyti en fram komi í bréfi hans. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun hans.

Í svari forseta Íslands dagsettu 17. október 2016 er vakin athygli á nauðsyn þess að ráðið endurmeti launakjör forsetaritara. Forsetaritari gegni veigamiklu hlutverki á skrifstofu forseta og í öllum störfum hans. Forsetaritari fari fyrir skrifstofunni og sjái fyrir hönd forseta um öll samskipti við aðra starfsmenn eins og þurfa þyki. Fjármál skrifstofunnar hvíli á herðum hans eins og fram komi í verklagsreglum sem undirritaðar hafi verið af forseta Íslands og forsætisráðherra 9. desember 2005. Þá hafi forsetaritari jafnan milligöngu um samskipti við ráðuneyti og ríkisstofnanir. Hann sjái einnig um samskipti við fjölmiðla, innanlands sem utan og skipuleggi ferðir forseta í samráði við hann. Sé þá aðeins það helsta talið í verkahring þessa mikilvæga embættismanns en að auki skuli áréttað að forsetaritari sé ekki og geti ekki verið undirritaður ráðherra eða ráðuneytisstjóra vegna þeirrar stöðu sem embætti forseta Íslands hafi í stjórnskipun ríkisins. Jafnframt segir í bréfinu að forsetaritari sé í raun helsti trúnaðarmaður forseta Íslands, fulltrúi hans og erindreki í öllum samskiptum. Stuðningur forsetaritara, þekking, vandvirkni og metnaður fyrir hönd embættisins og lýðveldisins hafi verið forseta til ómetanlegs gagns í vandasömu starfi. Að öllu þessu sögðu hvetur forseti Íslands til þess að laun og starfskjör forsetaritara verði látin fylgja launum og kjörum ráðuneytisstjóra í Stjórnarráði Íslands. Að því hljóti að hníga sjónarmið jafnræðis og sanngirni.

Með bréfi dagsettu 23. nóvember 2016 fékk forsetaritari send framangreind bréf til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

III.

Í verklagsreglum sem forseti Íslands og forsætisráðherra undirrituðu 9. desember 2005 segir að með reglunum sé starfssvið forsetaritara varðandi stjórn fjármála hjá embættinu skýrar afmarkað af hálfu hins opinbera en verið hafi. Segir þar að forsetaritari skuli bera skýra ábyrgð á fjármálastjórn embættisins í umboði forseta. Honum beri að stýra starfsemi embættisins í samræmi við fjárlög og

fjárhagsáætlun þannig að ekki verði halli á rekstri og skuli hann upplýsa forseta um hvort ákvarðanir hans rúmist innan fjárhagsramma embættisins.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forsetaritara laun 12. júní 2007. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Starf forsetaritara á sér ekki beina hliðstæðu innan stjórnkerfisins en líkja mætti því við störf sendiherra og að sumu leyti einnig við störf ráðuneytisstjóra. Forsetaritari stýrir allri starfsemi forsetaembættisins í umboði forseta. Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan, stöðu forsetaritara og embættis forseta Íslands og að teknu tilliti þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er getið, hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forsetaritara skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. október 2016 skulu mánaðarlaun forsetaritara vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 140, nú 1.094.455 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forsetaritara gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber